



# SUMARFRÍSTUND & KÖRFUBOLTI Í KASTALA og DALHÚSUM



FYRIR 6-8ÁRA (FÆDD 2008-2010)



Í sumar verður samstarf á milli Gufunesbæjar og Fjölnis þar sem börnum úr 1. til 3. bekk, fædd 2008 – 2010, býðst að vera á íþróttanámskeiði á móti sumarfrístund frá kl. 8:30 – 16:30 eða samtals í 8 klukkustundir. Samstarfið er annars vegar á milli *Brosbæjar í Vættaskóla/Engjum og fimleika/fótbolta í Egilshöll* og hins vegar á milli *Kastala í Húsaskóla og handbolta/körfubolta í Dalhúsum*. Hádegismatur er innifalinn í grunngjaldi.

Hægt er að kaupa viðbótarstund frá kl. 08:00 – 08:30 og frá kl. 16.30 - 17:00.

Í sumarfrístund er lögð áhersla á frjálsan leik, skapandi starf, þemaverkefni, útiveru og styttri ferðir. Lögð verður áhersla á að virkja börnin við ákvarðanatöku um hina ýmsu þætti starfsins. Á íþróttanámskeiðunum er lögð áhersla á æfingar og skemmtilega hreyfingu. Þjálfarar verða Collin Pryor leikmaður meistaraflokks Fjölnis og Ægir Þór Steinarsson landsliðsmaður í körfu. Farið verður í undirstöðuatriði körfuboltans, tækni og snerpu fyrir lengra komna. Starfsfólk í sumarfrístund hefur reynslu af starfi í frístundaheimilum og á íþróttanámskeiðunum verða þjálfarar sem starfað hafa hjá deildunum og unnið mikið með börnum.

Skráning hefst  
25. apríl

Grunnverð  
14.900 kr

- ▶ Grunngjaldið miðast við tímann milli kl. 8:30 og 16:30, en greitt er fyrir hálfra viðbótarstund þess utan.
- ▶ Grunngjald fyrir eina viku í sumarfrístund og íþróttanámskeiði með hádegismat er kr. 14.900. Verð fyrir viðbótarstund frá kl. 8.00-8.30 að morgni eða kl. 16.30-17.00 kr. 1.270 á viku. Veittur er 20% systkinaafsláttur.

- ▶ Skráningarvefur: <http://sumar.fristund.is>

**Námskeiðin verða í júní, júlí og ágúst**

**Vika 1:** 12.júní - 16.júní

**Vika 2:** 19.júní - 23.júní

**Vika 3:** 26.júní - 30.júní

**Vika 4:** 3.júlí - 7.júlí

**Vika 5:** 8.ágúst - 11.ágúst \*

**Vika 6:** 14.ágúst - 18.ágúst

\* 4 dagar v/frídagur verslunarmanna